



## HAFNARFJÖRÐUR

### 1801099 – Kaplakriki, framkvæmdir

Á bæjarstjórnarfundi þann 15. ágúst s.l. lögðu fulltrúar minnihluta, Adda María Jóhannsdóttir, Bjarney Grendal Jóhannesdóttir, Guðlaug Svava Steinunnar Kristjánsdóttir, Jón Ingi Hákonarson og Sigrún Sverrisdóttir fram eftirfarandi fyrirspurnir:

*Þar sem engin gögn lágu fyrir fundi bæjarráðs þann 8. ágúst sl. þar sem ákvörðun um breytt áform varðandi byggingu knatthúss í Kaplakrika var tekin óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir verðmati og ástandsmati á íþróttamannvirkjum í Kaplakrika þeim er um ræðir í rammasamkomulaginu og til stendur að bærinn kaupi.*

*Á fundi bæjarráðs þann 8. ágúst sl. þar sem ákvörðun var tekin um breytt áform varðandi byggingu knatthúss í Kaplakrika kom fram að niðurstaða í útboði vegna framkvæmdanna hafi verið kærð og kærufjerli sé í gangi. Undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar óska eftir upplýsingum um stöðu bæjarins og framkvæmda í Kaplakrika gagnvart þeirri kæru og hvort heimilt sé að fara í innkaupaferli vegna knatthússins áður en kærumálið er útkljáð.*

#### Svar:

Ástands- eða verðmöt liggja ekki fyrir að öðru leyti en því að gert var verðmat á íþróttahúsi F6076777 í janúar 2017 og er það birt í fundargátt bæjarfulltrúa.

Niðurstaða kærunefndar útboðsmála liggur ekki fyrir að öðru leyti, en ákvörðun kærunefndar útboðsmála frá 13. júlí 2018 um kröfu kæranda um að stöðva frekara innkaupaferli af hálfu Hafnarfjarðarkaupstaðar um hönnun og byggingu knatthússins þar til skorið hefði verið úr kærinni. Ákvörðun KNÚ hefur verið birt í fundargátt bæjarfulltrúa. Kærunefndin hafnað kröfu kæranda um stöðvun innkaupaferilsins, með eftirfarandi rökstuðningi: „Varnaraðili hefur upplýst um að hann hafi þegar hætt við hið kærða útboð og ekki liggur fyrir að annað innkaupaferli sé hafið. Kemur af þessum sökum ekki til álita að fella hið kærða innkaupaferli úr gildi og leggja fyrir kaupanda að bjóða innkaupin út að nýju.“

Hafnarfirði, 31. ágúst 2018

Sigríður Kristinsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs